



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 78. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands fimmtudaginn 27. nóvember 2008 kl. 08:30, í húsakynnum ÍSOR.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson, Ólafur G. Flóvenz og Ragna Karlsdóttir. Þá sat fundinn Eldur Ólafsson, starfsmaður GGE.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### 2. Haustþing JHFÍ 9. desember.

Staðfest að iðnaðarráðherra ávarpar þingið. Fjallað um dagskrána og ákveðin yfirskrift, „Sjálfbær nýting jarðhita – málþing í minningu Valgarðs Stefánssonar“. ÁM tekur saman stutta kynningu („teaser“) með vísan í umræðu um sjálfbærni nýtingar háhitasvæða, og sendir hana ásamt með dagskránni til erindisflytjenda til að fá staðfestingu á heiti erinda og gera mönnum kleift að forðast tvítekingar. Óskar jafnframt eftir að glærum/samantektum verði komið til félagsins, t.d. til ritara. Ekki verður rukkaður aðgangseyrir, enda enginn beinn kostnaður af málþinginu.

### 3. Vefur JHFÍ.

Nýr vefur félagsins verður ekki tilbúinn fyrir haustþingið 9. desember, en hægt að tilkynna þar að hans sé að vænta og að í millitíðinni verði hægt að nálgast erindi haustþingsins hjá ritara félagsins. AA og GAS á leið í kennslustund fljótlega hjá Atom01, í notkun kerfisins. Ákveðið að fundargerðir stjórnar ættu að verða þar inni, frá opnun vefsins eða hugsanlega frá síðasta aðalfundi, og að rétt sé að stefna á að hafa jafnframt tenglasafn á síðunni.

### 4. WGC 2015.

GAS upplýsti að á nýafstaðinn stjórnarfund IGA hefðu borist fjögur erindi um áhuga á að leggja inn tilboð um að halda þingið. Auk Íslands bárust bréf frá Þýskalandi, Slóvakíu og sameiginlegt erindi frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Þá hefði verið færður aftur til loka febrúar (skv. símtali við framkvæmdastjóra IGA, gæti skeikað viku eða tveimur) frestur til að skila inn tilboðum. Vinna við gerð tilboðs frá Íslandi getur því farið fram í janúar/febrúar 2009. GAS greindi jafnframt frá almennt jákvæðum undirtektum í stjórn Samorku við verkefnið, með fyrirvara um nánari upplýsingar hvað varðar hugsanlegar fjárhagsskuldbindingar.

### 5. Önnur mál.

Fram kom að innheimta félagsgjalda fyrir árið 2008 væri að hefjast.

Næsti fundur fimmtudaginn 8. janúar kl. 16:00, í nýjum húsakynnum GGE (Hafnargötu 90, Reykjanesbæ, sama húsi og Kaupping), þar sem tilboðsgerð vegna WGC 2015 verður til umfjöllunar, sem og aðalfundur o.fl.

Fundi slitið kl. 09:30.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---